

Ár 2014, mánudaginn 28. apríl 2014 kom stjórn SSNV saman til fundar kl. 11:00 ásamt áheyrnarfulltrúum. Fundurinn var símafundur.

Mætt til fundar: Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson og Hanna Þrúður Þórðardóttir í síma. Í síma frá Faxatorgi 1 á Sauðárkróki, Bjarni Jónsson, Sigurður Valur Ásbjarnarson áheyrnarfulltrúi Fjallabyggðar, Svanfríður Jónasdóttir áheyrnarfulltrúi Dalvíkurbyggðar, Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri og Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir þjónustuhóps 22.01. og 23.01.
2. Fundargerð Róta bs. frá 26.03. liður 5.
3. Ársreikningur 2013, Kristján Jónasson KPMG.
4. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir þjónustuhóps frá 22. og 23. janúar sl. kynntar.
2. Fundargerð Róta bs. frá 26. mars sl. lögð fyrir, liður nr. 5 kynntur sérstaklega.
3. Kristján Jónasson kynnti ársreikning 2013. Verkefnisstjóri vék af fundi. Framkvæmdastjóri kynnti atriði sem væru til skoðunar vegna ársreiknings 2013. Afgreiðslu ársreiknings frestað. Verkefnisstjóri kom aftur til fundar.
4. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið kl. 11:42.